

**Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-október 2012**

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu tíu mánuði ársins 2012 liggur nú fyrir. Handbært fé frá rekstri batnaði á milli ára og var neikvætt um 37 ma.kr. samanborið við 58,9 ma.kr. á sama tímabili 2011. Tekjur reyndust 41,1 ma.kr. hærri en í fyrra á meðan að gjöldin jukust um 15,6 ma.kr. milli ára. Þetta er betri niðurstaða en gert var ráð fyrir í áætlunum þar sem gert var ráð fyrir að handbært fé frá rekstri yrði neikvætt um 56,1 ma.kr. Hluti af því fráviki skýrist með því að raundreifing gjalda og tekna hefur verið önnur en gert var ráð fyrir. Inni í heimildum er búið að taka tillit til fjárheimildastöðu frá fyrra ári.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-október 2012 (m.kr.)

	<u>2008</u>	<u>2009</u>	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>
Innheimtar tekjur	369.397	345.167	373.849	370.350	411.477
Greidd gjöld	355.813	446.178	429.669	430.877	446.460
Tekjujöfnuður	13.584	-101.012	-55.820	-60.527	-34.983
Breyting rekstartengdra eigna og skulda	10.605	-6.594	1.134	1.665	-2.006
Handbært fé frá rekstri	24.189	-107.606	-54.686	-58.862	-36.989
Fjármunahreyfingar	5.984	35.573	-34.877	66.233	-29.172
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	30.173	-72.033	-89.563	7.371	-66.161
Afborganir lána	-45.934	-99.170	-140.902	-143.862	-210.730
Innanlands	-30.022	-72.821	-72.837	-56.315	-53.197
Erlendis	-15.912	-26.349	-68.065	-87.547	-157.533
Greiðslur til LSR og LH	-3.300	0	0	0	0
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-19.061	-171.203	-230.465	-136.491	-276.891
Lántökur	198.081	177.373	298.298	226.802	232.410
Innanlands	101.710	169.777	166.497	106.760	94.080
Erlendis	96.370	7.596	131.801	120.042	138.330
Breyting á handbæru fé	179.020	6.170	67.833	90.311	-44.481

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrstu tíu mánuðum ársins jukust um 10,7% á milli ára og námu alls 411,5 ma.kr. sem er 14,6 ma.kr. eða 3,7% yfir tekjuáætlun fjárlaga. Stóran hluta frávíksins má rekja til óreglulegra liða sem ekki var áætlað fyrir auk þess sem arðgreiðslur hafa innheimst fyrr en reiknað var með. Ef leiðrétt er fyrir þessum atriðum nema innheimtar tekjur ríkissjóðs á tímabilinu 402,0 ma.kr. sem er 5,2 ma.kr. eða 1,3% umfram áætlun. Gerð er nánari grein fyrir þessum frávikum hér að neðan eftir því sem tilefni er til.

Skatttekjur- og tryggingagjöld námu 378,3 ma.kr. og jukust um 9,6% á milli ára sem er 14,3 ma.kr. eða 3,9% yfir áætlun. Þar af jókst tekjuskattur einstaklinga um 10,5% og nam 81,8 ma.kr. sem er 6,0 ma.kr. yfir áætlun. Samanlögð skil laungreiðenda á útsvari og tekjuskatti af launum á fyrstu tíu mánuðum ársins jukust um tæp 10% á milli ára sem er til



merkis um að stofn skattsins hafi styrkst nokkuð á árinu. Þá þróun má annars vega rekja til meiri launahækkana en gert var ráð fyrir í tekjuáætlun fjárlaga og hins vegar þess að úttektir séreignarsparnaðar hafa reynst meiri en reiknað var með. Þess má geta að tekjuskattur greiddur í ríkissjóð vegna úttekta séreignarsparnaðar nemur hátt í 4,0 ma.kr. það sem af er ári.

Fjármagnstekjuskattur nam 22,5 ma.kr. sem er hátt í fjórðungssamdráttur á milli ára og 1,9 ma.kr. undir áætlun. Líklegt er að tekjur ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti verði undir áætlun fjárlaga 2012 fyrir árið í heild. Ástæðan er fyrst og fremst sú að endurgreiðslur til lögaðila, sem almennt eru undanþegnar fjármagnstekjuskatti, hafa verið töluvert meiri en áætlað var. Af þessum sökum hefur áætlun ársins um tekjur af fjármagnstekjuskatti verið lækkuð um 2,4 ma.kr. í frumvarpi til fjárákmalaga 2012.

Tekjur ríkissjóðs janúar-október 2010-2012

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2010	2011	2012	2010	2011	2012
Skatttekjur og tryggingagjöld	326.929	345.315	378.298	8,3	5,6	9,6
Skattar á tekjur og hagnað	107.648	116.035	127.411	-9,0	7,8	9,8
Tekjuskattur einstaklinga	71.849	74.058	81.834	8,8	3,1	10,5
Tekjuskattur lögaðila	9.188	12.780	22.988	-23,9	39,1	79,9
Skattur á fjármagnstekjur	26.612	29.197	22.589	-33,7	9,7	-22,6
Eignarskattar	5.873	7.205	10.920	47,2	22,7	51,6
Skattar á vöru og þjónustu	151.789	155.227	170.880	11,8	2,3	10,1
Virðisaukaskattur	102.078	101.202	112.365	9,3	-0,9	11,0
Vörugjöld af ökutækjum	1.289	2.199	3.489	-17,9	70,6	58,7
Vörugjöld af bensíni	9.655	10.055	9.974	5,5	4,1	-0,8
Skattar á olíu	5.328	5.387	5.825	4,2	1,1	8,1
Áfengisgjald og tóbaksgjald	12.233	12.738	13.448	7,1	4,1	5,6
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	21.205	23.647	25.780	40,7	11,5	9,0
Tollar og aðflutningsgjöld	4.742	5.484	5.888	19,1	15,7	7,4
Aðrir skattar	6.599	7.070	9.256	2,8	7,1	30,9
Tryggingagjöld	50.278	54.295	53.943	49,6	8,0	-0,6
Fjárframlög	703	723	736	63,4	2,9	1,7
Aðrar tekjur	27.599	24.837	31.102	-35,3	-10,0	25,2
Sala eigna	19.592	703	1.342	-	-	-
Tekjur alls	374.822	371.579	411.477	8,5	-0,9	10,7

Tekjuskattur lögaðila nemur 23,0 ma.kr. á fyrstu tíu mánuðum ársins sem er 9,8 ma.kr. yfir áætlun. Hluta fráviksins má rekja til uppgjöra fyrri ára sem höfðu í för með sér 3,8 ma.kr. viðbótartekjur á tímabilinu, en slík uppgjör geta ýmist leitt til inn- eða útgreiðslna fyrir ríkissjóðs. Ef lítið er framhjá áhrifum eldri uppgjöra nam tekjuskattur lögaðila 19,2 ma.kr. sem er 6,0 ma.kr. yfir áætlun. Það mikla frávik hefur þó lækkað töluvert á milli mánaða líkt og reiknað var með. Þá er við því að búast að áfram muni draga úr frávikinu á síðustu



tveimur mánuðum ársins þar sem vísbendingar eru um að áætlun ráðuneytisins hafi verið óþarflega afturhlaðin.

Tekjur af tryggingagjaldi stóðu í stað á milli ára og námu 53,9 ma.kr. sem er 1,1 ma.kr. yfir áætlun. Þó svo að tekjur af gjaldinu standi í stað á milli ára þá er tryggingagjaldsprósentan í ár lægri en í fyrra sem er til merkis um að gjaldstofninn hafi vaxið. Heildarlaunastofninn í janúar-október er um 9% hærri í ár en í fyrra.

Tekjur af eignarsköttum námu 10,9 ma.kr. sem er 0,9 ma.kr. yfir áætlun. Ef litið er framhjá 1,4 ma.kr. greiðslu frá lífeyrissjóðum vegna sérstakrar vaxtaniðurgreiðslu, sem flokkuð er sem eignarskattur, er innheimta eignarskatta 0,6 ma.kr. undir áætlun. Sérstaka greiðslan frá lífeyrissjóðum er vegna ársins 2011 og var gjalddagi hennar í lok árs 2011 en eindagi mánuði síðar. Af þeim sökum var ekki gert ráð fyrir þeirri greiðslu í tekjuáætlun 2012.

Tekjur af sköttum á vöru og þjónustu jukust um 10,1% á milli ára og námu 170,9 ma.kr. sem er 0,9 ma.kr. undir áætlun. Ef litið er til fjögurra mánaða meðaltals er uppsöfnuð hækkun innheimtra tekna af sköttum á vöru og þjónustu 1,8% undir verðlagsbreytingum. Tekjur af virðisaukaskatti, sem vegur þyngst meðal óbeinna skatta, námu 112,4 ma.kr. sem er 0,7 ma.kr. undir áætlun. Tekjur af bensíngjöldum lækkuðu um 0,8% á milli ára og námu 9,8 ma.kr. sem er 0,9 ma.kr. undir áætlun. Af þessari innheimtu er ljóst að áætlun fjárlaga um tekjur af bensíngjöldum er of há og hefur hún því verið lækkuð nokkuð í frumvarpi til fjárlagatala. Tekjur af olíugjaldi eru aftur á móti í takt við áætlanir og því bendir allt til þess að hækkandi eldsneytisverð síðastliðinna missera hafi mun sterkari eftirspurnaráhrif á bensín en olíu. Þetta kemur í sjálfu sér ekki á óvart þar sem bensínbílar eru uppistaðan í bílafloata heimilanna.

Innheimta vörugjalda af ökutækjum nemur 3,2 ma.kr. sem er 0,9 ma.kr. yfir áætlun. Ljóst er að innflutningur bifreiða hefur verið mun meiri það sem af er ári en gert var ráð fyrir í fjárlögum 2012 og hefur áætlunin því verið hækkuð í frumvarpi til fjárlagatala. Áfengis- og tóbaksgjöld jukust um 5,6% á milli ára og námu 13,5 ma.kr. sem 0,1 ma.kr. yfir áætlun.

Aðrar tekjur jukust um ríflega fjórðung á milli ára og námu 31,1 ma.kr. sem er 2,3 ma.kr. yfir áætlun. Það frávík má að mestu rekja til arðgreiðslna frá Landsvirkjun og Seðlabankanum auk 1 ma.kr. söluhagnaðar vegna gjaldeyrisútboða Seðlabankans sem haldin voru sumarið 2011 og á þessu ári. Ekki hafði verið gert ráð fyrir þessum tekjum nema að takmörkuðu leyti í tekjuáætlun. Þá eru tekjur af veiðigjöldum töluvert undir áætlun á tímabilinu eða um sem nemur 2,8 ma.kr. Það má alfarið rekja til þess að stórum gjalddaga gjaldsins var frestað fram í desember á meðan vinnu við ákvörðun vaxtakostnaðarafsláttu er enn ólokið.

Greidd gjöld námu 446,5 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 15,6 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 2,7%. Greidd gjöld voru um 6 ma.kr. innan fjárheimilda tímabilsins eða 1,3%. Útgjöld til málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greining á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.



Vaxtagjöld ríkissjóðs jukust um 8,6 ma.kr. milli ára sem var í samræmi við áætlanir. Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu jukust um 1,4 ma.kr. milli ára sem skýrist að mestu af greiðslum til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Útgjöldin voru 2,5 ma.kr. innan fjárheimilda tímabilsins sem skýrist að mestu af annarri dreifingu útgjalda en gert var ráð fyrir. Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála drógust saman um 2,8 ma.kr. milli ára og voru jafnframt 290 m.kr. innan heimilda. Breytingin milli ára skýrist að langstærstu leyti með greiðslu vaxtabóta sem var 3,7 ma.kr. lægri en á síðasta ári og 2,2 ma.kr. innan heimilda. Þá drógust greiðslur til Atvinnuleysistryggingasjóðs saman um 1,8 ma.kr. milli ára en voru 1,8 ma.kr. umfram áætlanir. Barnabætur drógust saman um 344 m.kr. milli ára og greiðslur Fæðingaorlofssjóðs um 365 m.kr. Á móti jukust greiðslur vegna lífeyristrygginga um 1,7 ma.kr. milli ára og voru 1,2 ma.kr. umfram heimildir og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð um 1,1 ma.kr. og voru 337 m.kr. umfram heimildir, en áhrif kjarasamninga síðasta árs hafa þarna mikil áhrif.

Útgjöld til heilbrigðismála jukust um 4 ma.kr. milli ára og voru jafnframt 1,5 ma.kr. umfram heimildir. Útgjöld Landspítala jukust um 2 ma.kr. milli ára og voru jafnframt 2,5 ma.kr. umfram fjárheimildir sem skýrist með uppsöfnuðum halla frá fyrri árum sem fluttur er milli ára til lækkunar á heimildum. Útgjöld vegna Sjúkratrygginga jukust um 588 m.kr. milli ára og voru jafnframt 851 m.kr. umfram fjárheimildir. Þá jukust útgjöld Framkvæmdasjóðs aldraðra um 1,1 ma.kr. Útgjöld til efnahags- og atvinnumála voru svipuð og á sama tímabili árið 2011 en voru 3,9 ma.kr. innan heimilda sem skýrist að mestu af stöðu ýmissa sjóða og safnliða. Útgjöld til menntamála voru 2,6 ma.kr. hærrí en á sama tímabili í fyrra en 1,6 ma.kr. innan fjárheimilda tímabilsins. Útgjöld vegna framhaldsskóla jukust um 1,1 ma.kr. milli ára en voru 857 m.kr. innan heimilda. Útgjöld Háskóla Íslands jukust um 670 m.kr. milli ára en voru 875 m.kr. innan heimilda. Útgjöld til menningar-, íþróttar- og trúmála voru 195 m.kr. hærrí en á sama tímabili í fyrra en voru 1 ma.kr. lægri en fjárheimildir tímabilsins gerðu ráð fyrir.

Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála jukust um 1,2 ma.kr. milli ára en voru lítillega innan heimilda tímabilsins. Aukningin milli ára skýrist að stærstum hluta með útgjöldum Landhelgisgæslunnar sem aukast um 452 m.kr. milli ára og eru jafnframt 199 m.kr. umfram heimildir. Þá aukast útgjöld Sérstaks saksóknara um 244 m.kr., Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um 199 m.kr. og héraðsdómstóla um 123 m.kr. Útgjöld Ofanflóðasjóðs aukast um 326 m.kr. milli ára en eru 777 m.kr. innan heimilda tímabilsins. Útgjöld til umhverfisverndar eru 241 m.kr. hærrí í ár en á sama tíma í fyrra en voru 186 m.kr. innan áætlana. Útgjöld Umhverfisstofnunar aukast um 68 m.kr. milli ára og útgjöld Vatnajökulspjóðgarðs um 19 m.kr. Úrvinnslusjóður er 310 m.kr. innan heimilda en útgjöld hans aukast um 74 m.kr. milli ára. Þá aukast útgjöld Endurvinnslunnar um 53 m.kr. milli ára sem er í samræmi við áætlanir. Útgjöld til varnarmála drógust saman um 231 m.kr. og voru jafnframt 283 m.kr. innan heimilda tímabilsins. Útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála drógust lítillega saman milli ára eða um 125 m.kr. og voru jafnframt lítillega innan heimilda. Óregluleg útgjöld jukust um 874 m.kr. milli ára og voru jafnframt tæpa 3 ma.kr. umfram fjárheimildir. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga voru 795 m.kr. hærrí en á síðasta ári og jafnframt 2,2 ma.kr. hærrí en gert hafði verið ráð fyrir. Þá var greiddur



fjármagnstekjuskattur 726 m.kr. hærri en gert hafði verið ráð fyrir og 90 m.kr. hærri en á sama tímabili í fyrra.

Gjöld ríkissjóðs janúar-október 2010-2012

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2010	2011	2012	2011	2012
Almenn opinber þjónusta	95.177	94.509	104.424	-0,7	10,5
þar af vaxtagreiðslur	58.410	56.981	65.536	-2,4	15,0
Varnarmál	1.215	1.096	865	-9,8	-21,0
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	14.834	16.296	17.535	9,9	7,6
Efnahags- og atvinnumál	48.627	44.664	44.354	-8,2	-0,7
Umhverfisvernd	3.844	3.960	4.201	3,0	6,1
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	537	313	188	-41,7	-39,9
Heilbrigðismál	91.963	94.290	98.299	2,5	4,3
Menningar-, íþrótt- og trúmál	13.361	13.156	13.350	-1,5	1,5
Menntamál	40.584	38.797	41.377	-4,4	6,6
Almannatryggingar og velferðarmál	106.894	114.499	111.693	7,1	-2,5
Óregluleg útgjöld	12.633	9.299	10.173	-26,4	9,4
Gjöld alls	429.669	430.877	446.460	0,3	3,6

Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárjöfnuður var neikvæður um 66,2 ma.kr. fyrstu 10 mánuði ársins en á sama tíma í fyrra var hann jákvæður um 7,4 ma.kr.

Afborganir af lánum ríkissjóðs námu 210,7 ma.kr., þar af voru 157,5 ma.kr. vegna erlendra lána. Ríkissjóður nýtti lánsloforð frá Norðurlöndunum í árslok 2011 fyrir sem svarar 103 ma.kr. og notaði af því 44,6 ma.kr. til endurgreiðslu fyrri lána Norðurlanda í mars s.l. Þá greiddi ríkissjóður upp erlent lán sem var á gjalddaga í apríl að jafnvirði 27,7 ma.kr. og greiddi enn niður lán Norðurlanda í júní fyrir um 78 ma.kr. á móti erlendri lántöku í júní s.l. Aðrar erlendar afborganir námu 7,3 ma.kr. Innendar afborganir námu 53,2 ma.kr., þar af nam innlausn markflokks ríkisbréfa á gjalddaga í ágúst 49,3 ma.kr.

Lántökur námu 232,4 ma.kr. á tímabilinu, þar af voru 94,1 ma.kr. gefnir út innanlands. Gefin voru út ríkisbréf fyrir um 80,3 ma.kr., þar af verðtryggð ríkisbréf fyrir um 28,1 ma.kr. og óverðtryggð fyrir um 52,3 ma.kr. Einnig voru gefin úr ríkisbréf vegna SpKef fyrir 19,2 ma.kr. í sérstökum flokki ríkisbréfa. Önnur útgáfa ríkissjóðs á tímabilinu nam 6,6 ma.kr. Stofn ríkisvixla lækkaði á móti um 11,9 ma.kr. Í maí gaf ríkissjóður út skuldabréf að fjárhæð 1 milljarði Bandaríkjadala, að jafnvirði 124,5 milljarðar króna. Endurmat gjaldeyrisreikninga var jákvætt um 13,8 ma.kr.